

Nautastöðin á Hvanneyri:


Nautin eignast afkomendur löngu eftir að þeirra eigin jarðvist lýkur

Búnaðarfélag Íslands rekur nautastöð á Hvanneyri í Borgarfirði, og er hún í mýrinni austan við þjóðveginn. Þar eru að jafnaði um 20 til 25 naut, sem notuð eru til sæðistöku. Á síðasta ári voru djúpfrystir um 130 þúsund skammtar, og frá stöðinni eru sæddar um 19 þúsund kýr á ári. Við nautastöðina starfa nú tveir fastráðnir menn, en frá síðustu áramótum hafa öll búnaðarsambönd landsins skipt við stöðina.

Framkvæmdastjóri stöðvarinnar er Diðrik Jóhannsson, og sýndi hann blaðamanni og ljósmyndara Morgunblaðsins nautastöðina þegar minnst var 90 ára afmælis bændaskólans á Hvanneyri. Nú í sumar eru liðin tíu ár frá því nautastöðin tók til starfa. Sem fyrr segir er þetta nú eina sæðingarstöðin á landinu, en áður voru starfandi fleiri stöðvar, sú fyrsta í Eyjafirði frá 1946, og síðan kom djúpfrystingarstöð í Laugardælum 1972. Raunar er enn rekin sæðingarstöð frá Laugardælum, og mun svo verða á meðan birgðir þar endast, en að því loknu flyst starfsemin alfarið til Hvanneyrar.

Er Morgunblaðsmenn þar að garði í nautastöðina hjá Diðrik voru þar 15 naut. Allt voru það ung naut, enda sagði Diðrik að

þeim væri fargað þegar búið væri að taka úr þeim ákveðið magn sæðis, þar sem mun ódýrara er að geyma það djúpfryst heldur en að halda fullorðnum törfum á gjöf. Í nautastöðina koma nautin því yfirleitt um eins árs gömul, og eru þar uns þau hafa náð tveggja ára aldri, en þá eru þau felld. Sagði Diðrik að sæði nautanna væri geymd djúpfryst, í um það bil 196 gráðu frosti, en teknir eru um það bil 7 þúsund skammtar úr hverju nauti. Diðrik kvað 6 þúsund þessara skammta vera setta í geymslu, en rösklega eitt þúsund er sent út til notkunar. Afgangurinn er síðan geymdur í 4 til 5 ár, og ræðst það þá af þeirri reynslu sem fengin er af viðkomandi nauti, hvort meira er notað. Ekki þarf að taka fram að viðkomandi naut er löngu



Ljós. Mbl: Emilla.

Diðrik við eitt nautanna í Nautastöðinni. Nautin eru öll ung að árum, enda eru þau felld þegar tiltekið sæði hefur verið tekið úr þeim, en mun ódýrara er að geyma sæðið djúpfryst en að hafa á fóðrum mörg fullvaxin naut.

komið til fedra sinna þegar full reynsla er komin á afkvæmi þess. Diðrik sagði það aðeins vera tiltölulega fá naut sem stæðust þær kröfur sem gerðar væru til nauta til undaneldis, og kvaðst hann halda að um það bil tvö naut af hverjum tíu sem reynd væru, stæðust þær kröfur sem gerðar væru.

Eftir því sem auknar kröfur eru gerðar til gæða nautgripanna, bæði hvað varðar byggingu og afurðamagn, þá verður það nauðsynlegt að beita sífellt markvissari aðferðum við ræktun stofnsins, og er nautastöðin á Hvanneyri einmitt rekin með slík sjónarmið í huga. Eftir því sem ræktunin heldur áfram og

þróast, þá fylgir í kjölfarið mikil skýrslugerð, og meðal annars haldið til haga miklum upplýsingum um kynbótagripi, bæði kýr og tarfa. Eru í þessum tilgangi færðar miklar ættbækur, þar sem finna má hinar fjölbreytilegustu upplýsingar um nautpening landsmanna.

FORKUR 76010, f. 30. apríl 1976 á félagsbúinu Gröf, Öngulstaðarhreppi, Eyjafirði.



44. Forkur 76010.

Móðurætt:
MÓÐIR: Húfa 33, f. 26. mars 1965, Gröf, Öng.
Mf. Gautur 61016.
Mm. Hjalma 10.
Mf. Egr 53024.
Mfm. Lukka 34, Gautst. II, Svalb.
Mmf. Sjóli 49023.
Mmm. Skrauta 3.

Umsögn:

Forkur 76010 er annar kálfurinn, sem valinn er undan Húfu 33 á Nautastöðina. Hann var Virkir 75008. Í árslok 1977 hafði Húfa 33 mjólkað að meðaltali í 10,7 ár 6239 kg með 4,07% fitu, þ.e. 253,9 kg mjólkurfitu. Húfa 33 hefur hlotið I. verðlaun á sýningum 1969, '72 og '76.

Lýsing:

Dökkkolöttur og krossöttur: kollöttur; sterk yfirlina; gleitt sett rif; útlögr vel í meðal-lagi; djúpur bolur; jafnar, breiðar malir; fremur háfættur með fremur þykk læri; lausbyggður, þroskamikill gripur (1.11. '77 og breytt 2.5. '78).

Umsögn:

Forkur var felldur 5. sept. 1978 eftir að tilskildu sæðismagni hafði verið náð úr honum. Í septemberlok var búið að senda út til dreifingar 1121 skammt.



45. Húfa 33, Gröf.

| Nafn og nr. móður: | Afurðaeinkunn | | Meðalfrævik á fitu % | Dómur við skoðun: (1976) | | | | | Skapgerð |
|--------------------|---------------|-----------|----------------------|--------------------------|----------|-------|--------|---------|----------|
| | fj. ára | kg, mjólk | | Slig alls | Skrokkur | Júgur | Spenar | Mjöltun | |
| Húfa 33 | 6 | 127 | — | 74,5 | 28,0 | 13,0 | 13,5 | 15,0 | 5 |

812

FREYR

Sýnishorn einnar síðu úr skýrslu Búnaðarfélags Íslands um Nautastöðina, en hún er gefin út sem sérprentun úr búnaðarblaðinu Frey. Hér getur að líta ítarlegar upplýsingar um kynbótanaut eins og sjá má.



Í þessum tanki er sæðið geymt, djúpfryst, við 196 gráðu frost á Celcius.



Í fjósina heima á Hvanneyri eru þessi naut höfð á bás, og raunar alls óskyld nautunum á Nautastöðinni hinum megin við þjóðveginn. Þetta eru blendingar af Gallowayholdanautum, en talsverð hjörð holdagripa er á Hvanneyri.

Sumar á Kjarvalsstöðum

— fjölbreytt dagskrá verður á Kjarvalsstöðum í sumar

Í SUMAR verður tekin upp sú nýbreytni á Kjarvalsstöðum að bjóða ýmsum listamönnum að sýna verk sín þar undir nafninu „Sumar á Kjarvalsstöðum“, með það fyrir augum að kynna ferðamönnum í borginni íslenska list, jafnframt því sem borgarþáar geta haft ánægju og fróðleik af.

Í sumar sýna þrjár hópar listamanna verk sín á Kjarvalsstöðum, í vestursal sýnir Septem-hópurinn, Gallerí Langbrók sýnir í kaffistofu og á göngum, og Myndhöggvarafélagið setur upp

sýningu umhverfis húsið og í anddyri. Í austursal, Kjarvals-sal, verða sýnd málverk eftir Jóhannes S. Kjarval í eigu Reykjavíkurborgar. Samtals verða í sumar á Kjarvalsstöðum verk eftir um 35 listamenn.

Um þessar mundir er í undirbúningi Reykjavíkuvika, sem halda á dagana 13.—19. ágúst. Þar er ráðgert að kynna ýmsar stofnanir Reykjavíkurborgar og í tengslum við þá kynningu verður m.a. sett upp sýning frá Þróunarstofnun á skipulagi þriggja hverfa í Reykjavík. Fyrirlestrar og umræðufundir eru ennfremur

ráðgerðir í tengslum við skipulagssýninguna svo og kynnisferðir í þessi tilteknu hverfi. Sýningin verður sett upp í fundarsal Kjarvalsstaða og fellur þannig inn í ramma sumarsýningarinnar.

Með haustinu eru margar sýningar ráðgerðar á Kjarvalsstöðum. Um mánaðamótin ágúst—september verða tvær bandarískar sýningar í vestursal, MÍR gengst fyrir frá sovéska ríkinu Kazakstan um miðjan september og um svipað leyti verður Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Í byrjun október

SUMAR á Kjarvalsstöðum júlí og ágúst 1979



verður alþjóðleg barnabókasýning á vegum Bókavardafélags Íslands, Rithöfundasambands og fleiri aðila, og eru ýmis dagskráratríði ráðgerð í tengslum við þá sýningu. Í október setur Rafn Hafnfjörð

upp ljósmyndasýningu og að henni lokinni heldur Einar Hákonarson einkasýningu. Í nóvember verða nýlistamennirnir Ólafur Lárusson, Þór Vigfússon, Kristinn Harðarson og fleiri með sýningu.

Nýr veitingamaður hefur tekið við rekstri veitingastofunnar á Kjarvalsstöðum, en það er Huld H. Goethe í samvinnu við Eið Valgarðsson. Um leið hafa verið gerðar þar nokkrar breytingar og tekin upp sjálfsafgreiðsla. Þegar vel viðrar er fyrirhugað að setja borð út á stéttina, og geta menn þá horið út með sér veitingarnar. Stefnt er að því að opna veitingastofuna á hádegi og hafa þar á boðstólum léttu smárétti, en ekki er ennþá búið að ákveða hvenær sú nýbreytni verður tekin upp.